

Mikilvægt að hafa samband

Meðan á veikindum og meðferð stendur geta komið upp aðstæður sem þarf að bregðast skjótt við og þá er mikilvægt að þú hafir samband við deildina eða bráðamóttöku. Oft er erfitt að vita hvenær á að hafa samband og því mikilvægt að þú spyrjir þinn lækni eða hjúkrunarfræðing um þau einkenni sem þú átt að vera vakandi fyrir og hvaða einkenni krefjast skoðunar strax.

Hafðu samband ef að þú færð einhver eftirtalin einkenni eða ef þú ert óviss með einkenni sem þú finnur fyrir.

Merki um sýkingu og bólgu

- Hiti hækkar. Eðlilegur hiti er 36,1-37,2°C. Ef hitinn er 38 °C mældu hann aftur eftir klukkutíma og hafðu samband ef hann er að hækka. Ef hann er áfram 38° C eða hærra hafðu þá strax samband. Hiti er merki um sýkingu og honum fylgir oft hrollur og vanlíðan. Hafa ber í huga að sterar og ýmis verkjalyf eru hitalækkandi og þá getur hiti mælst lægri en hann í raun er þrátt fyrir sýkingu
- Hósti, mæði, hrygla og grænleitur uppgangur
- Særindi í munni og hálsi
- Verkir eða sviði við þvaglát
- Niðurgangur getur verið merki um sýkingu eða bólgu í meltingavegi. Til dæmis ef hægðirnar eru mjög linar/vatnskenndar og 4-6 sinnum eða oftar á sólarhring
- Auknir eða skyndilegir verkir sem þú hefur ekki haft áður

Einkenni og merki um blóðtappa

- Einkenni um blóðtappa í útlimum eru bólga, verkir og roði
- Einkenni um blóðtappa í lungum eru skyndileg mæði/hröð öndun og andþyngsli, stundum einnig verkir í brjóstakassa og blóðhósti

Önnur einkenni

- Viðvarandi ógleði eða tíð uppköst
- Óvenjumikill skyndilegur slappleiki og þreyta
- Marblettir eða húðblæðingar. Nefblæðing eða blóð í þvagi og hægðum
- Nýjir og skyndilegir verkir
- Hægðatregða
- Mikill þjúgur á höndum og fótum eða annars staðar á líkamanum
- Gula í augum eða dökkt þvag
- Húðútbrot, roði og kláði
- Sljóleiki og svimi
- Sjóntruflanir og jafnvægisleysi
- Þurr hósti og mæði
- Skyndilegur og mikill eða viðvarandi höfuðverkur
- Dofi eða kraftleysi í útlimum